

Fyrirspurn E 10/2024  
Fyrirspyrjandi Per-Arne Håkansson (S)  
Viðtakendur Ríkisstjórnir Norðurlandanna

## Skrifleg fyrirspurn um standveiðar

### Til ríkisstjórna Norðurlanda

Strandveiðar blása lífi í skerjagarða, skapa atvinnu og möguleika fyrir staðbundin fyrirtæki til að starfa innan sjávarútvegs. Ferðaþjónusta í skerjagjörðum er einnig einn þeirra atvinnuvega sem geta þróast og skapað ný störf í heilbrigðu og lifandi standumhverfi. Þá eru fiskveiðar mikilvægur hluti af fæðuöryggi.

Með tilliti til loftlagsins er fiskur oftast sjálfbærari kostur en kjöt. Til dæmis er stuðlað að minnkun ofauðgandi efna í hafi með því að borða fisk úr Eystrasalti sem veiddur er með sjálfbærum hætti. Auk þess er fiskur bæði hollur og góður.

En ógnir steðja einnig að strandveiðum. Margar fiskitegundir eiga undir högg að sækja og fiskistofnar fara minnkandi. Þess vegna er mikilvægt að vernda sjálfbærar fiskveiðar. Kvótar eru mikilvægir til að sporna gegn ofveiði. Einnig er þó þörf á rannsóknum og þróun í samstarfi háskóla, atvinnulífs og íbúa. Grípa þarf til aðgerða til að vernda og efla fiskistofna.

Meðal annars innan ESB hefur þetta málefni verið litið alvarlegum augum. Haustið 2023 voru nýir fiskveiðikvótar afgreiddir fyrir árið 2024. Á meðal tillagna var afmarkað heildarbann við síldarveiðum. Tillagan var ekki samþykkt en síldarkvóti var minnkaður verulega auk þess sem Finnland og Svíþjóð þurfa að skuldbinda sig til að stöðva togaraveiðar í Botnhafi á tímabilinu 25.5-30.6.2024 til að vernda hrygningu fiskanna. En þegar ákvarðanir eru teknar um fiskveiðar er einnig mikilvægt að aðgerðirnar hafi ekki of mikil áhrif á atvinnu- og frístundaveiðar í smáum stíl. Kvótaminnkun ætti fyrst og fremst að beinast að afla sem notaður er í dýrafóður eða fiskimjöl.

Önnur áskoranir sem strandveiðar standa frammi fyrir eru fiskimönnum hefur fækkað og sífellt erfiðara er að fá nýja inn í atvinnugreinina. Auk þess eru m.a. selir og skarfar vandamál fyrir fiskveiðar. Mikilvægt er að við endurvekjum trú á framtíð standveiða. Á þessu sviði er norrænt notagildi af auknu samstarfi.

Í ljósi þessa er eftirfarandi fyrirspurn lögð fram:



- Hvað er gert til að tryggja strandveiðar? Eru einhver svið sem norrænu ríkin geta gert meira innan í sameiningu til að efla fæðuöryggi, ferðapjónustu og byggðapróun?

Norðurlöndum, 6. febrúar 2024

Per-Arne Håkansson